



## Fundargerð

382. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn í Kirkjuhvoli, Kirkjubæjarklaustri kl.13:20 miðvikudaginn 15. apríl. 4. fundur ársins 2015.

Fundargerð er tölvuskrað af Ólafíu Jakobsdóttur og er 5 blaðsíður.

Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir oddviti, býður fundarmenn velkomna.

Mættir undirritaðir sveitarstjórnarmenn

Í upphafi fundar hugsum við til fjölskyldunnar Efri-Ey í kjölfar þess hörmulega slyss sem var þar í síðustu viku.

Oddviti óskar eftir breytingu á dagskrá, að við málefnskra bætist:

1. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu:

10. Tilnefning aðalmanns í Stjórn Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

11. Ráðning sveitarstjóra

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og Oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundum.

*Oddviti sótti fund þann 10.mars ásamt Auðbjörgu Bjarnadóttur með verkefnastjórninni yfir Brothættum Byggðum sem heitir núna Skaftárhreppur til framtíðar og var á þeim fundi undirritaður samningur sem er til kynningar undir öðru kynningarefni.Eirný Valsdóttir, verkefnastjóri verkefnisins kemur til starfa í Skaftárhreppi í apríl. Oddviti og formaður Skipulagsnefndar Kristbjörg Hilmarsdóttir sóttu skipulagsþing SASS á Stracta þann 25.mars og í framhaldi af því var kynning fyrir sveitarstjóra á vegum lögregluembættisins á Suðurlandi vegna nýrra vinnubragða í málefnum sem varða heimilisofbeldi. 26.mars sótti oddviti fund með Vatnajökulspjóðgarðs stjórn og er áætlaður fundur fljótlega með umhverfisráðherra varðandi Þekkingarsetur. Oddviti og varaoddviti sátu fund þann 30.mars með Intellecta Ráðningaþjónustu þar sem viðtöl við umsækjendur fóru fram og að kvöldi 30. sóttu sömu aðilar kynningarfund á Heimalandi þar sem Haraldur Benediktsson þingmaður kynnti tillögur sínar varðandi ljósleiðaralagningu. Oddviti átti einnig fund með Vegagerð þann 31. mars, ásamt varaoddvita til að þrýsta á bætun í samgöngumálum.*

## Dagskrá

### I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu.

1. Leyfisbeiðni frá Vélhjólaiþróttaklúbbnum Vík vegna akstursíþróttakeppni 30. maí 2015



## Skaftárhreppur

---

Sveitarstjórn fyrir sitt leiti veitir Vélhjólaiþróttaklúbbnum Vík leyfi til að halda akstursíþróttakeppni 30. maí 2015 í landi Ásgarðs, að því gefnu að önnur nauðsynleg leyfi liggi fyrir.

2. Viðauki við fjárhagsáætlun 2015, Intellecta ráðningarfyrirtæki og Sjónumvarpsstöðin N4

### **Viðauki 2 við fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2015**

Intellecta	330.000	
Auglýsingar	327.230	
Sjónumvarpsstöðin N4	<u>250.000</u>	
Samtals:	<u>907.230.-</u>	Fært sem lækkun á handbæru fé.

N4 „Að Sunnan“ 250.000 (Friður og frumkraftar + Kirkjubæjarstofa + einkaaðilar kosta kr 250.000.-) Samtals kostar verkefnið 500.000.-

*Meiri hluti sveitarstjórnar samþykkir viðauka 2 við fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2015*

3. Beiðni frá foreldrafélagi Kirkjubæjarskóla á Síðu um styrk vegna fyrirlestrar sem er áformaður 7.maí nk.  
*Sveitarstjórn samþykkir að greiða kr 105.000 fyrir fyrirlestur um Hefndarklám sem Þórdís Elva Þorvaldsdóttir býður nemendum 5.-10 bekkjar uppá ásamt foreldrum skóla og leikskóla.*
4. Erindi frá Vinnumálastofnun varðandi átaksverkefni fyrir námsmenn dags. 7.04.2015  
*Sveitarstjórn fagnar framtaki Vinnumálastofnunar og samþykkir að vísa erindinu til sveitarstjóra í áframhaldandi úrvinnslu.*
5. Endurnýjun og breyting á rekstrarleyfi Klausturhofs frá Lauren ehf.  
*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við erindið.*
6. Beiðni um greiðslur vegna setu í nefndum á vegum Skaftárhrepps sem fulltrúi starfsmanna eða foreldra.  
*Sveitarstjórn samþykkir að greiða fyrir setu í skipuðum nefndum á vegum Skaftárhrepps skv. verðskrá um fundarsetu. Ákveðið að útfæra nánar hlutfall greiðslu í samráði við formann fræðslunefndar*
7. Styrkbeiðni frá Björgunarsveitinni Kyndli.  
*Sveitarstjórn samþykkir beiðni Björgunarsveitarinnar Kyndils um styrk í formi niðurfellingar fasteignagjalda árið 2015.*
8. Beiðni um frjáls framlög frá Sólheimum vegna 85 ára afmælis 5. júlí 2015.  
*Sveitarstjórn getur ekki orðið við erindinu.*
9. Láglandisvarsla, beiðni til UST um styrk til verkefnisins.



*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna þetta verkefni áfram og leita leiða til að koma stöðu láglandisvarðar á í Skaftárhreppi fyrir sumarið sé þess nokkur kostur án aukins kostnaðar fyrir sveitarfélagið. Samþykkt með 4 atkvæðum. Jóhannes Gissurarson situr hjá.*

10. Tilnefning aðalmanns í Stjórn Félags og Skólaþjónustu Rangár- og Vestur Skaftafellssýslu. Sveitastjórn tilnefnir Auðbjörgu Bjarnadóttur sem aðalfulltrúa.

11. Intellecta Ráðningarskrifstofa hefur farið í gegnum umsóknir til sveitarstjóra Skaftárhrepps og er niðurstaða meiri hluta sveitarstjórnar að gengið verði til samninga við Söndru Brá Jóhannsdóttir.

Fulltrúar Ó lista óska bókunar:

*„Í ljósi þeirrar ákvörðunar meirihluta sveitarstjórnar frá því fyrr í vetur, án samráðs við fulltrúa Ó listans, að segja fyrrverandi sveitarstjóra upp störfum og þess að við höfum ekki fengið viðhlítandi skýringar á þeim gjörningi þrátt fyrir útrekaðar óskir þar um kjósum við að sitja hjá við þessa afgreiðslu. Við viljum taka það fram að þessi hjáseta okkar snýr alfarið að vinnubrögðum meirihluta sveitarstjórnar en hefur ekkert með afstöðu okkar til verðandi sveitarstjóra að gera“*

*Meirihluti sveitarstjórnar samþykkir að fela oddvita og varaoddvita að ganga til samninga við Söndru Brá Jóhannsdóttur.*

## II. Fundargerðir til samþykktar.

1. 104. fundur rekstrarnefndar Klausturhóla haldinn 3. mars 2015.  
*Fundargerðin samþykkt.*

2. 137. fundur Fræðslunefndar haldinn þann 16. mars 2015  
*Fundargerðin samþykkt.*

3. 16. fundur Umhverfis og Náttúruverndarnefndar. 31.03. 2015  
*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og umhverfis- og náttúruverndarnefnd að halda utan um endurskoðun á samþykktum um meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi.  
Fundargerð samþykkt.*

4. 109. Fundur Skipulagsnefndar 13.apríl 2015.  
Skipulagsmál.

1. Orustustaðir-deiliskipulag.

Lagt er fram deiliskipulag að Orustustöðum í Skaftárhreppi til samþykktar eftir auglýsingu skv. 3. mgr.41. gr.skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagstillaga vegna Orustustaða var auglýst frá 18. desember 2014 til og með 9. febrúar 2015. Athugasemdir og umsagnir bárust frá landeigendum aðliggjandi jarða, hagsmunaaðilum og opinberum stofnunum vegna tillögunnar.

Skipulagsnefnd mælist til þess að tillagan verði samþykkt í sveitarstjórn og send til yfirferðar Skipulagsstofnunar fyrir auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda skv. 42.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.*



### 2. Tillaga að aðalskipulagsbreytingu á Kirkjubæjarklaustri

Lagt er fyrir nefndina tillaga að aðalskipulagsbreytingu á þéttbýlisupprætti gildandi aðalskipulags Skaftárhrepps 2010 – 2022.

Frestað. Nefndin leggur til að mörk skipulagsins verði stækkað til suðurs og svæði sunnan Skaftár í landi Hæðargarðs verði skipulagt. Lagt fram á næsta fundi nefndarinnar.

*Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.*

*Fundargerðin í heild samþykkt.*

### III. Fundargerðir til kynningar.

1. 24. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.  
*Fundargerð kynnt.*
2. 163. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands. 26. mars 2015  
*Fundargerð kynnt.*
3. 14. fundur stjórnar Félags og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.  
18.03.2015  
*Fundargerð kynnt.*
4. Fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum 10.03.2015.  
*Fundargerð kynnt.*
5. 6. Aðalfundur Friðar og Frumkrafta 6. mars 2015  
*Fundargerð kynnt.*

### IV. Annað kynningarefni.

1. Bréf frá EBÍ, dags. 12.02. 2015
2. Bréf frá Innanríkisráðuneyti, upplýsingar um úthlutanir og uppgjör framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. dags.26.02 2015.
3. Samningur um verkefnið Brothættar Byggðir. Skaftárhreppur til framtíðar.
4. Landsþing Íslenskra sveitarfélaga 2015 17. apríl nk.
5. Ársreikningur Eignarhaldsfélags Suðurlands.
6. Framkvæmdáætlun Félagsmálanefndar Rangárvalla og Vestur-Skaftafellssýslu í barnavernd

### V. Samþykkt fundargerðar / Fundarslit

Fundargerð lesin upp, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl.15:40.

Gert er ráð fyrir aukafundi sveitastjórnar með endurskoðanda fyrir lok þessa mánaðar þar sem fram fari fyrri umræða um ársreikning Skaftárhrepps 2014.

Maí fundur boðaður með dagskrá miðvikudaginn 13. maí 2015 kl. 13:00.



## Skaftárhreppur

---

---

Eva Björk Harðardóttir.

---

Guðmundur Ingi Ingason.

---

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir

---

Jóhannes Gissurarson.

---

Bjarki V. Guðnason.